**Ed.** **328. Nefndarálit**

um frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »af öllum« í upphafi greinarinnar komi: útmældum.
2. — 2. — a. Á eftir orðunum »sem hefir fasteignirnar á leigu« komi: eða til afnota.
b. Fyrir »með 4%« komi: gegn 4%.
c. Fyrir »1925« komi: 1926.
3. — 3. — Greinin orðist svo:
Skattinum skal varið til vörslu og umbóta verslunarlóðarinnar, enda skal viðhald varnargarða lóðarinnar eftirleiðis hvíla á bæjarsjóði.
4. — 4. — Greinin fellur niður.

Alþingi, 14. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson, form. Eggert Pálsson, fundaskr.

Jónas Jónsson, frsm.